

Fundargerð 29. fundar í Próunarfélagi Keflavíkurflugvallar 9. október 2008 kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson
Árni Sigfússon
Reynir Ólafsson
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar var borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Fjárhagsáætlun
Fjárhagsáætlun sem kynnt var á síðasta fundi stjórnar þann 11. september sl. var borin upp aftur eftir framlagningu á síðasta fundi. Fjárhagsáætlunin var samþykkt.
3. Sala eigna
Tekið var fyrir tilboð frá Hamri fjárfestingum ehf. í byggingu # 638. Tilboðinu var hafnað. Rætt verður við aðila um aðra kosti.
4. Svæðamörk flugvallar
Farið var yfir skilgreiningu á svæðamörkum flugvallar- og öryggissvæðis. Stjórn ÞK telur mikilvægt að svæðamörkin endurspegli hlutverk hvers aðila um sig við uppbyggingu og þróun.
5. Útboð um Niðurrif.
Lögð var fyrir niðurstaða útboðs um niðurrif eftir yfirferð tilboða. Alls sóttu 12 fyrirtæki útboðsgögn og af þeim buðu 6 fyrirtæki í verkið.

Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 60.565.500.-

Stjórn samþykkti að taka tilboði lægstbjóðanda sem voru A.B.L. tak ehf. að upphæð kr. 27.393.708.- í samræmi við tillögur ráðgjafa sem var Verkfræðistofa Suðurnesja.

6. Önnur mál
 - a. Kynntur var stofnsamningur einkahlutafélags utan um rekstur Eldeyjar – frumkvöðlaseturs.
 - b. Nafn á svæði – Mikilvægt er að samræma markaðssetningu svæðisins með sterkri nafngift. ÞK mun kalla eftir samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög út frá hugmyndum auglýsingarstofunnar Góðs fólks.

PS.
A
Roe

- c. Orkusetur – Árni fór yfir tillögur að uppsetningu rannsóknarstofu í tengslum við orkusetur. ÞK mun skoða aðkomu að slíku setri með að útvega standsett húsnæði. Framkvæmdastjóra var falið að vinna málið áfram.
- d. Keilir hefur verið að undirbúa viðbót við núverandi námsleiðir ásamt því að vinna að nýjum í ljósi aðstæðna á mörkuðum. Stjórn telur mikilvægt að ÞK og ríkið styðji við uppbyggingu Keilis.

7. Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn, 13. nóvember 2008.

Fleira var ekki gert og fundi slitið

Þóur Sigurjónsson
Árni Þórnir
Árni Þórnir